

Dagskrá 446. fundar framkvæmdanefndar búvörusamninga, fjarfundur, haldinn föstudaginn 13. nóvember 2020, kl. 10:30.

Þátttakendur voru: Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR), Arnar Freyr Einarsson, ANR, Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda (SG), Guðfinna Harpa Árnadóttir, formaður Landssambands sauðfjárbænda (LS), sat fundinn sem gestur, Sigurður Eypórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands (BÍ), sem áheyrnarfulltrúi, og Jón Baldur Lorange, ANR, starfsmaður nefndarinnar, sem skrifaði fundargerð. Þá sat Herdís Magna Gunnarsdóttir, nýkjörinn formaður Landssambands kúabænda (LK) fundinn sem gestur. Pálmi Vilhjálmsson, forstjóri Mjólkursamsölnunnar (MS), og Bjarni Ragnar Brynjólfsson, frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM), tóku þátt í fundunum undir 1. lið dagskrárinnar. Sigurður Eypórsson þurfti að yfirgefa fundinn kl. 11:30.

1. Kynning SAM á innsendum erindum.

- a. *Tillaga SAM um endurskoðun ríkisstuðla fyrir mjólk og mjólkurvörur.* Síðasta heildarendurskoðun á ríkisstuðlum fyrir mjólkurvörur tóku gildi 1. júní 2017. Stjórn SAM leggur til að framkvæmdanefnd búvörusamninga staðfesti endurskoðaða ríkisstuðla til umreiknings á ráðstöfun mjólkur og til mats á stærð innanlandsmarkaðar, sem taki gildi frá 1. október 2020. Framkvæmdanefnd tekur ákvörðun um breytingar á ríkisstuðlum skv. 52. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Fylgiskjal með endurskoðuðum ríkisstuðlum lagt fyrir fundinn og samanburðartafla á umreikningi 12 mánaða á gildandi og nýjum stuðlum. *Tillaga um nýja ríkisstuðla var samþykkt.*
 - b. *Staða útflutningsskyldu, 1. október 2020, á mjólkurframleiðslu umfram heildargreiðslumark mjólkur.* MS lagði fram yfirlit um þróun í stöðu útflutnings og útflutningsskyldu árið 2020, en í 29. gr. búvörulaga nr. 99/1993 er kveðið á um skyldu afurðastöðva til útflutnings mjólkurafurða utan heildargreiðslumark mjólkur. Samkvæmt yfirlitinu SAM er staða útflutningsskyldu mjólkur sú að á fitugrunni eru óútflutt ígildi 3.272.959 lítra mjólkur, sem samsvarar um 152 tonnum af smjöri. Óuppfyllt útflutningsskylda á próteingrunni er engin. Aðildarfélög SAM munu á næstu misserum halda áfram að flytja út mjólkurvörur vegna umframmjólkur eftir því sem færi gefast á mörkuðum og alþjóðlegt ástand leyfir.
 - c. *Leiðrétting á skráðri útflutningsskyldu mjólkur.* Erindi SAM um skráða útflutningsskyldu mjólkur lagt fyrir fundinn til kynningar. Gögn voru lögð fram og fulltrúar SAM á fundinum gerðu grein fyrir erindinu. *Málinu vísað til nánari skoðunar innan ráðuneytis.*
- 2. Tillaga LS er varðar innleyst greiðslumark frá árunum 2017 og 2018.** LS leggur til skv. minnisblaði dags. 12. nóvember 2020 sem lagt var fyrir framkvæmdanefnd búvörusamninga að greiðslumark sem innleyst var árin 2017 og 2018 í samræmi við 3.8 grein í samningi um starfsskilyrði í sauðfjárrækt, dags. 19.2.2016, verði boðin á innlausnarmarkaði til sölu og komi til úthlutunar eins fljótt og mögulegt er. *Málið rætt og lagt fyrir nefndina sem samþykkti að leggja til við ráðherra að fallist verði á tillögu LS.*
- 3. Ullarmál.** Álit umboðsmanns Alþingis nr. 9668/2018 tekið til umræðu.
- 4. Önnur mál.**
- a. SAM upplýsti framkvæmdanefndina um að í nóvembermánuði verði unnið að áætlunargerð um rekstur og starfsemi afurðastöðva í mjólkuriðnaði og áætluð sala mjólkurvara á innanlandsmarkaði fyrir árið 2021. Tillaga að heildargreiðslumarki mjólkur vegna 2021 verði komið til ráðherra sbr. ákvæði 1. mgr. 52. gr. búvörulaga.
 - b. Nefndin þakkaði Arnari Árnasyni fyrir ánægjulegt samstarfi á undanförunum árum, en þetta var síðasti fundur hans í nefndinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 11:45.